

Ársskýrsla Landsmenntar



Ársskýrsla Landsmenntar 2013

Fræðslusjóður SA og SGS á landsbyggðinni

5. júní 2014

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Almennar upplýsingar	3
Úthlutun styrkja.....	5
Fyrirtækjastyrkir	7
Einstaklingsstyrkir.....	11
Önnur verkefni Landsmenntar	17
Fjárhagur Landsmenntar	21
Lokaorð.....	22

Fylgiskjöl:

- Verkefnayfirlit (styrkloforð stjórnar 2013)
- Rekstrarreikningur 2013
- Efnahagsreikningur 2013

Formáli

Í þessari ársskýrslu verður birt yfirlit yfir starfsemi Landsmenntar fyrir starfsárið 2013. Gerð er grein fyrir helstu viðfangsefnum ársins ásamt því að farið er yfir verkefni sem hafa verið styrkt, jafnt þeirra sem unnin voru hjá fyrirtækjum eða stéttarfélögum sem og þeirra sem einstaklingsstyrkir voru notaðir til.

Gerð verður grein fyrir fræðslu- og kynningarstarfi á vegum sjóðsins, átaksverkefni og þeim ráðstefnum sem starfsmenn hafa sótt.

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Aðildarfélögin eru 16 og er þar um að ræða stéttarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands á landsbyggðinni.

Helstu verkefni Landsmenntar eru að sinna stuðningsverkefnum og þróunar- og hvatningaraðgerðum í starfsmenntun. Sjóðnum er ætlað að styrkja rekstur námskeiða og stuðla að nýjungum í námsefnisgerð ásamt því að veita einstaklingum, verkalýðsfélögum og fyrirtækjum beina styrki vegna sí-og endurmenntunar.

Einstaklingar sækja um styrki á þar til gerðum eyðublöðum til viðkomandi stéttarfélags sem sér um afgreiðslu þeirra í umboði Landsmenntar.

Fyrirtæki, stéttarfélög og eða fræðsluaðilar sækja um styrki til stjórnar Landsmenntar með því að senda rafræna umsókn sem er aðgengileg á heimasíðu. Þar er hægt að koma á framfæri helstu upplýsingum vegna viðkomandi fræðsluverkefnis.

Upphaf fræðslusjóðsins má rekja til samkomulags sem gert var samhliða kjarasamningum sem undirritaður var 13. apríl árið 2000 á milli Samtaka atvinnulífsins, Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks.

Almennar upplýsingar

Aðsetur Landsmenntar

Skrifstofa Landsmenntar, Sveitamenntar og Ríkismenntar er í Ofanleiti 2, fimmtu hæð (áður húsnæði Háskóla Reykjavíkur), en þar eru einnig til staðar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Starfsmennt fræðslusetur. Þá má geta þess að Mímir-Símenntun hefur sitt aðsetur á þriðju hæð hússins. Sennilega má halda því fram að aldrei áður hafa jafnmargir aðilar sem sinna framhaldsfræðslu verið undir sama þaki, sem er mjög mikið ánægjuefni. Í húsinu er góð aðstað til fundarhalda og nýta sjóðirnir þá aðstöðu. Þá er góð aðstaða til fjarfundahalda sem stjórn Landsmenntar nýtir ef þurfa þykir. Augljós sparnaður er með notkun þessarar tækni ásamt því að nýta fundarsíma símans.

Heimasíða Landsmenntar er www.landsmennt.is og er það markmið að veita réttar og skilmerkilegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, úthlutunarreglur og starfsreglur. Einnig eru settar þar inn tilkynningar og fréttir ásamt gögnum um starfsemi sjóðsins. Á heimasíðu sjóðsins eru aðgengileg rafræn umsóknareyðiblöð fyrir stéttarfélög, fyrirtæki og fræðsluaðila sem og fyrir einstaklinga.

Stjórn og starfsmenn

Framkvæmdastjóri Landsmenntar er og hefur verið frá upphafi Kristín Njálisdóttir og stýrir hún einnig rekstri Ríkismenntar SGS og Sveitamenntar SGS og LN skv. þjónustusamningi þar um á milli sjóðanna. Eyjólfur Bragason er verkefnastjóri á skrifstofu sjóðanna.

Stjórn Landsmenntar er skipuð sex fulltrúum, þeir eru:

Frá Starfsgreinasambandi Íslands:

- Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður stjórnar og formaður Framsýnar stéttarfélags.
- Hjördís Þ. Sigurþórsdóttir, formaður Afls starfsgreinafélags.
- Ásgerður Pálsdóttir, formaður Samstöðu stéttarfélags.

Varamenn: Anna Júlíusdóttir, Einingu lðju og Arnar Hjaltalín, Drífanda stéttarfélagi

Frá Samtökum atvinnulífsins:

- Arnar Sigurmundsson, varaformaður stjórnar, formaður stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva (SF).
- Guðrún Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri hjá Samtökum atvinnulífsins (SA).
- Unnur Halldórsdóttir, hætti í stjórn Landsmenntar fyrir hönd SA í lok árs. Unni eru þökkuð vel unnin störf fyrir Landsmennt. Í stað hennar kom inn í stjórnina f.h. SA Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Landnámsseturs Íslands í Borgarnesi.

Varamaður: Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs hjá SA

Endurskoðun reikninga Landsmenntar

Löggildir endurskoðendur reikninga sjóðsins eru frá Deloitte en umsjón með bókun reikninga og greiðslu launa er hjá fyrirtækinu Fjárstoð ehf.

Stjórnarfundir

Stjórnin hélt 11 fundi á árinu sem ýmist voru haldnir í Ofanleiti 2 eða í gegnum fundarsíma Símans. Þá voru haldnir samráðsfundir sjóða m.a. með Starfsafli og Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks.

Iðgjald fyrirtækja í mennta- og fræðslusjóð

Innheimta fræðslugjalds fyrirtækja hófst 1. janúar 2006 og var þá 0,05% af launum. Það hækkaði árið 2007 í 0,15% og um mitt ár 2008 í 0,20%. Í samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í upphafi árs voru samþykktar hækkanir iðgjalda í mennta- og fræðslusjóð um 0,1% og kemur hún til framkæmda í byrjun árs 2014. Þá var gengið frá nýjum kjarasamningum á milli samningsaðila í lok ársins 2013 sem taka gildi 1. janúar 2014.

Þjónustusamningur við Sveitamennt og Ríkismennt

Á árinu var undirritaður nýr þjónustusamningur á milli Landsmenntar annars vegar og Sveitamenntar og Ríkismenntar hins vegar. Ríkismennt mun samkvæmt samningnum greiða kr. 135.000.- á mánuði og Sveitamennt kr. 220.000.-. Þetta er hækkun upp á kr. 852.000.- á ári. Við endurútreikning samninga var tekið tillit til fjölgunar verkefna hjá báðum sjóðum ásamt hækkun á föstum rekstrarkostnaði.

Úthlutun styrkja

Líkt og undanfarin ár er verkefnum sjóðsins skipt niður í styrki til fyrirtækja, stéttarfélaga og fræðsluaðila ásamt þróunarverkefnum og þátttöku í námsgagnagerð og síðan einstaklingsstyrkjum til ýmissa námskeiða eða náms.

Styrkir Landsmenntar til einstaklinga

Styrkur til hvers félagsmanns er að hámarki kr. 60.000.- á hverju almanaksári nema þegar um er að ræða styrk vegna aukinna ökuréttinda (kr. 100.000.-) og þriggja ára ónotaðan rétt til styrks, en sá styrkur getur numið allt að kr. 180.000.-. Félagsmaður sem hefur unnið a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 mánuðum og greitt til aðildarfélags Landsmenntar á þeim tíma á rétt á styrk. Félagsmenn í atvinnuleit halda áunnum rétti sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld af atvinnuleysisbótum.

Nánari upplýsingar um einstaklingsstyrki er að finna í sérstökum bæklingi sem Landsmennt gefur út og á heimasíðu sjóðsins www.landsmennt.is

Tómstundastyrkir

Undanfarin ár hefur félagsmaður átt rétt á einstaklingsstyrk vegna frístunda-/tómstundanámskeiða. Greitt hefur verið 50% styrkur að hámarki kr. 18.000.- á ári. Í ár var þessari reglu breytt þannig að félagsmaður fær greitt 75% af kostnaði námskeiðs að hámarki kr. 20.000.- sem eins og áður dregst frá heildarupphæð einstaklingsstyrks.

Ferða- og dvalarstyrkir

Reglur um sérstaka ferða- og dvalarstyrki voru endurskoðaðar á árinu og eru sem hér segir: Akstur 50% af almennu kílómetragjaldi eins og það er ákveðið hverju sinni skv. taxa ferðakostnaðarnefndar.

Ekki er tekið þátt í ferðakostnaði vegna aksturs sem er innan við 12 km. frá námskeiðsstað eða skóla. Varðandi akstur og flug er alltaf gert ráð fyrir að menn velji ódýrustu leiðina.

Hvalfjarðargöng: Heimilt verði að niðurgreiða hverja ferð um allt að 75% af kostnaði. Viðmiðunarupphæð verði allt að kr. 700.- fyrir hverja ferð í gegnum göngin miðað við núverandi gjaldskrá Spalar hf. Miðað er við alfsláttargjaldskrá Spalar hf. eins og hún er hverju sinni.

Flug: Heimilt verði að niðurgreiða kostnað um allt að 75% af hverju flugfargjaldi.

Gisting: Heimilt verði að niðurgreiða hverja gistinótt á hótélum/gistiheimilum um að hámarki kr. 6000.- þó aldrei hærra en 75% af verði gistingar pr. sólarhring.

Ferða- og dvalarstyrkir eru afgreiddir sér, en dragast frá hámarki einstaklingsstyrkja.

Einstaklingsstyrkir – náms- og kynnisferðir

Félagsmenn eiga kost á að nýta einstaklingsstyrk sinn vegna náms- og kynnisferða erlendis og innanlands sem skipulagðar eru í þeim tilgangi að kynna sér starf eða starfsemi fyrirtækis

sem gera má ráð fyrir að nýtist viðkomandi til framþróunar í starfi.

Umfang dagskrár í slíkum ferðum skal vera a.m.k. einn dagur. Dagskrá og staðfesting móttökuaðila þarf að fylgja umsókn.

Styrkir Landsmenntar til fyrirtækja, félaga og fræðsluaðila

Fyrirtæki geta sótt um styrki til Landsmenntar til námskeiðahalds fyrir starfsmenn sem jafnframt eru félagsmenn í einhverju þeirra 16 verkalýðsfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, sem eiga aðild að Starfgreinasambandi Íslands og þar með Landsmennt. Styrkurinn getur numið 75% af kostnaði vegna verkefna sem sótt er um hjá fyrirtækjum sem eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins (SA). Fyrirtæki utan SA geta fengið 67,5% vegna slíkra verkefna (90% af 75%).

Endurskoðun á reglum vegna fyrirtækjastyrkja

Frá og með 1. janúar 2013 kom til framkvæmda áður samþykkt vinnuregla stjórnar þar sem kveðið er á um hámark heildarupphæðar sem hvert fyrirtæki getur fengið í styrki úr sjóðnum kr. 3.000.000.- á ári.

Almennt eru veittir styrkir vegna námskeiða sem eru allt að 75% eða 67,5% (fyrirtæki utan SA) af viðurkenndum kostnaði, þó aldrei meir en sem svarar kr. 40.000.- á kennda klukkustund. Til viðbótar er heimilt að greiða styrki vegna ferða- og túlkakostnaðar samkvæmt gildandi reglum sem eru 75%/67,5% af kostnaði, allt eftir því hvort fyrirtæki eru innan SA eða ekki.

Námskeið erlendis: Ef fyrirtæki sem óskar eftir að senda starfsmenn á námskeið erlendis sem ekki stendur til boða innanlands, getur það sótt um 75%(67,5% ef utan SA) af viðurkenndum kostnaði. Styrkur getur þó ekki orðið hærri en kr. 70.000.- vegna hvers starfsmanns. Að auki er heimilt að bæta við styrk vegna ferðakostnaðar innanlands ef fjarlægð frá heimabyggð að flugstöð/höfn er meira en 100 km. sú viðbót getur numið allt að kr. 30.000.- vegna hvers starfsmanns.

Náms- og kynnisferðir: Stjórn Landsmenntar veitir ekki styrki til fyrirtækja vegna náms- og kynnisferða til útlanda. Bent er á reglur um einstaklingsstyrki.


Tölvu- og tungumálanámskeið: Landsmennt styrkir slík námskeið um 75% af kostnaði (67,5% til fyrirtækja utan SA) eins og önnur starfstengd námskeið.

Aðrar reglur haldast óbreyttar og eru nánari upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu Landsmenntar, www.landsmennt.is

Fyrirtækjastyrkir


Fjöldi styrkloforða á árinu voru til 105 verkefna sem er töluverð fækkun frá fyrra ári eða um 14,8%. Samþykkt styrkloforð vegna þessara verkefna námu rúmlega 24 milljónum króna og fjöldi þátttakenda á bak við verkefnin eru um 4000 manns. Af þessum verkefnum hafa 60 verið gerð upp á árinu fyrir kr. 22.928.296.- auk verkefna frá fyrra ári.

Hér á eftir verða birtar nokkrar myndir vegna styrkveitinga til fyrirtækja og aðildarféлага. Myndirnar sýna m.a. þróun á fjölda verkefna og skiptingu styrkja á atvinnugreinar og stéttarfélög. Þá er mynd sem sýnir hlutfall íslenskunámskeiða fyrir útlendinga miðað við fjölda annara námskeiða.




Mynd 1. Myndin sýnir þróun á fjölda afgreiddra styrkloforða til fyrirtækja, stéttarféлага og fræðsluaðila. Töluverð fækkun styrkloforða var á árinu eða sem munar 36 loforðum.

Styrkir stjórnar til fyrirtækja og aðildarfélaga út frá fjölda verkefna 2013



Mynd 2. Hér sést hvernig verkefni skiptast á milli fyrirtækja og aðildarfélaga. Nær helmingur styrkja fer til fiskvinnslu og matvælaframleiðenda.


Styrkir stjórnar til fyrirtækja og aðildarfélaga út frá fjárhæðum 2013



Mynd 3. Hér sést hvernig fjármunir Landsmenntar dreifast á fyrirtæki innan fiskvinnslu/matvælaframleiðnaður, ferðaþjónustu, stóriðju og annan iðnað en 89% styrkveitinga eru til fyrirtækja en styrkir til stéttarfélag/aðildarfélaga nær þrefaldast á milli ára, var 4% árið 2012 en er 11% árið 2013.

Atvinnurekendur á landsbyggðinni hafa alltaf verið ötulir við að kaupa íslenskunámskeið fyrir sína starfsmenn og fá styrki frá sjóðnum til þess að niðurgreiða þau til viðbótar við þá niðurgreiðslu sem hægt er að fá frá menntamálaráðuneytinu. Þetta hlutfall íslenskunámskeiða er til viðbótar við þau íslenskunámskeið sem styrkt hafa verið með einstaklingsstyrkjum. Á árinu 2013 fóru 113 þátttakendur í gengum íslenskunámskeið á vegum fyrirtækja þar sem kostnaður pr. mann er kr. 23.687.- og sýnir að með þessum hætti er hægt að bjóða upp á íslenskunámskeið á hagkvæman hátt.

Hlutfall styrkveitinga til íslenskunámskeiða hjá fyrirtækjum 2013



Mynd 4. Hér sést hlutfall styrkveitinga til íslenskunámskeiða hjá fyrirtækjum, var 17% árið 2012 en er 11% 2013.

Fræðslustjóri að láni

Landsmennt býður fyrirtækjum upp á verkefnið Fræðslustjóri að láni. Fyrirtækið fær þá mannauðsráðgjafa til sín sem fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, greinir fræðsluþörf og samhæfir nýjar hugmyndir að fræðslu við það sem þegar er til og útbýr fræðsluáætlun í samvinnu við stjórnendur og starfsmenn.

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja samkvæmt samningi við hlutaðeigandi fræðslusjóði.

Samstarf fræðslusjóðanna Landsmenntar, Starfsafls og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS) um verkefnið Fræðslustjóri að láni hefur gengið vel og þá er einnig mikil ánægja með sameiginlegt umsóknarblað sjóðanna. Í ár bættist Rafiðnaðarskólinn (RSI) við sem samstarfsaðili. Eftirtalin verkefni voru unnin á árinu:

- Fræðslustjóri að láni fyrir Glófa. RM ráðgjöf var ráðin til verksins.
- Fræðslustjóri að láni fyrir Launafl ehf. Reyðarfirði. Verkefnið er samstarfsverkefni Landsmenntar og Rafiðanaðarskólans RSI. Markvisráðgjafi hjá Austurbrú vann verkið.
- Endurnýjun á fræðsluáætlun fyrir Bústólpa á Akureyri/Bústólpaskólinn



Mynd 5. Frá undirskrift verkefnisins Fræðslustjóri að láni fyrir Launafl á Reyðarfirði.

Verkefnum fækkaði á milli ára en ákveðið var að draga úr kynningum á verkefninu á árinu þar sem undanfarin tvö ár hefur gengið mjög á eigið fé sjóðsins. Við þessu hafa eigendur sjóðsins brugðist eins og kemur fram annars staðar í þessari skýrslu með því að semja um hækkun iðgjalds fyrirtækja í mennta- og fræðslusjóð.

Það ber þó að fagna því að fræðsla sem er afrakstur fræðslustjóra að láni verkefnisins bæði hvað varðar einstök námskeið en ekki síður fjölgun á þeim verkefnum sem fela í sér dagskrá yfir heila önn þar sem símenntunaráætlum er fylgt. Hér má nefna t.d. Stjórnendaskóla N1, Norðurorkuskólann, Samherjaskólann, fræðsluáætlun hjá Samskip ehf. og Norðursiglingu ehf., Bústólpaskólann svo eitthvað sé nefnt.

Samningur um eigin fræðslu

Landsmennt gerði samning við Íslenska gámafélagið ehf. um eigin fræðslu á árinu og einnig við fyrirtækið Hreint ehf. Um er að ræða fjárhagslegan stuðning skv. reglum sjóðsins frá árinu 2009. Talað er um innanhúsfræðslu þar sem kennarar/leiðbeinendur eru jafnframt starfsmenn fyrirtækisins og er oftast um ræða sérhæfða fræðslu sem ekki er hægt að kaupa frá öðrum fræðsluaðilum.

Einstaklingsstyrkir

Starfsemi Landsmenntar spannar nú yfir rúmlega einn áratug. Frá árinu 2010 hefur styrkjum að jafnaði fjölgað um rúmlega eitt hundrað á ári þar til nú því styrkjum milli ára fjölgaði úr 1854 í 2204 eða um 350. Upphæð styrks er aldrei meira en 75% af kostnaði námskeiðs en hámarksupphæð styrks hefur verið óbreytt frá árinu 2008 eða kr. 60.000.- Undanfarin ár hafa félagsmenn í síauknum mæli sótt sér menntun til framhaldsskóla, háskóla og starfsnám og hefur svokallaði *stóri styrkur* komið sér þar vel, en þeim sem nýta sér hann hefur fjölgað mjög.


Einstaklingsstyrkir árið 2013 voru 2204 en 1854 árið 2012 og hefur þeim því fjölgað um 18,87% á milli ára. Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja á árinu er kr. 85.696.185.- og hefur sú upphæð hækkað um tæpar 8.9 milljónir á milli ára eða 11,5%. Meðaltal per. einstakling er kr. 38.515.

Þá voru sérstaklega teknar saman upplýsingar um úthlutun á styrkjum til einstaklinga sem áttu inni þriggja ára geymdan rétt (180.000) en það eru styrkir skv. samþykkt stjórnar fyrir árið 2010. Það tók félagsmenn aðildarfélaga rúmt ár að átta sig almennilega á þessari rýmkun á reglum um einstaklingsstyrki. Félagsmenn 11 aðildarfélaga nýttu sér þennan rétt á árinu 2013. Samtals var 126 slíkum styrkjum úthlutað sem er álíka fjöldi og frá árinu áður en þá voru þeir 122. Greidd meðaltalsupphæð þessara styrkja á árinu var kr. 121.561.- pr. einstakling en var 110.450.- á árinu 2012, hækkunin nemur 11% á milli ára.

Þegar skoðað er hvernig þessir 126 styrkir skiptast þá nýta 39 einstaklingar næstum því fullan styrk þ.e. kr. 180.000.- og 87 einstaklingar hafa tekið út kr. 120.000.- eða minna. Það eru því um 31% sem nýta sér næstum hámarkið en heildarupphæð þessara styrkja er um 15,3 milljónir króna sem er um 17,8% af heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja á árinu.


Hér á eftir fylgja nokkrar tölfræðilegar skýringarmyndir á fjölda einstaklingsstyrkja og dreifingu þeirra á m.a. kyn, aldur, aðildarfélög/landshluta, ríkisfang einstaklinga og tegundir námskeiða/náms o.s.frv.

Þróun á fjölda afgreiddra einstaklingsstyrkja Landsmenntar 2013




Mynd 6. Myndin sýnir að fjöldi styrkja og hvernig þróunin hefur verið á milli ára frá upphafi. Styrkjum fjölgaði verulega frá árinu 2012 eða um 350.

Heildarfjöldi einstaklingsstyrkja á félög 2013




Mynd 7. Hér má sjá hvernig styrkir skiptast á milli þeirra 16 aðildarfélaga sem aðild eiga að Landsmennt.

Kynjaskipting 2013




Mynd 8. Myndin sýnir hvernig veittir styrkir skiptast á milli kynja. Eins og sjá má er skipting milli kynja nánast jöfn, aðeins munar 2% eða um 60 styrkjum körlum í vil.

Hlutfall einstaklingsstyrkja á landshluta 2013




Mynd 9. Hér má sjá samantekt einstaklingsstyrkja og hvernig þeir dreifast á landshluta. Lítil breyting er á fjölda styrkja í hverjum landshluta milli ára. Í ár minnkar þetta hlutfall um 3% á Austurlandi en eykst á Suðurlandi um tæp rúm 2%.

Meðaltal upphæðar einstaklingsstyrkja




Mynd 10. Meðaltal upphæðar úthlutaðra styrkja pr. einstakling hefur hækkað nokkuð frá því að úthlutun hófst, þó dregur aðeins úr þeirri miklu hækkun sem varð árið 2012.

Upphæðir styrkja 2013




Mynd 11. Hér má sjá hvernig styrkirnir skiptast á upphæðir. Langflestir nýta rétt sinn til einstaklingsstyrks upp að kr. 40.000.- eða 66%.

Íslenskir og erlendir ríkisborgarar 2013




Mynd 12. Af heildarfjölda einstaklingsstyrkja á árinu eru 24% erlendra ríkisborgara að nýta sér styrki sjóðsins eða nákvæmlega sama hlutfall og árið 2012. Þeir nýta þá þó ekki einungis í íslenskunámskeið. Þetta er frekar hátt hlutfall en fjöldi útlendinga innan félaga SGS er 25% félagsmanna. Erlendir félagsmenn eru skv. þessu duglegir að nýta sér fræðslusjóðinn.

Aldursdreifing einstaklingsstyrkja 2013




Mynd 13. Á myndinni sést hvernig styrkirnir skiptast á milli aldurshópa. 60% styrkjanna renna til fólks 30 ára og yngra. Spurning hvort þörf er á átaki til að hvetja eldra fólk til að sækja sér nám.

Flokkun einstaklingsstyrkja eftir tegundum náms 2013



Mynd 14. Hér má sjá hvernig styrkir skiptast á tegundir náms. Vert er að benda á að það eru 58% einstaklinga sem eru að nýta styrki sína í starfsnám, annað, framhaldsskóla eða háskólanám.

Skipting fjármagns eftir námi/námskeiðum 2013



Mynd 15. Myndin sýnir hvaða nám er hlutfallslega dýrast/ódýrast. Á þessari mynd sést að fjármagnið skiptist í sama hlutfalli á milli tegunda náms og myndin hér að ofan sýnir.

Önnur verkefni Landsmenntar

Námstefna fræðslusjóðanna haldinn 4.-5. mars

Árið 2008 var haldinn námstefna/vinnufundur í Borgarfirði þar sem starfmenn stéttarfélaga réðu ráðum sínum um starfsemi fræðslusjóðanna. Í ár var þetta endurtekið og enn í Borgarfirði, nú var fundarstaðurinn Hótel Borgarnes. Þátttakendur voru yfir 30 manns og komu frá 11 stéttarfélögum innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS) á landsbyggðinni og auk þess sátu starfmenn fræðslusjóðanna og starfmenn skrifstofu SGS fundinn. Veður eru oft válynd á Fróni og svo bar við á þessum tíma og því miður var ófært um allt Norðurland, sem hafði þær afleiðingar að fólk frá Öldunni, Stéttarfélaginu Samstöðu, Einingu lðju og hluti þeirra sem höfðu boðað komu sína frá Framsýn Stéttarfélagi var veðurtept, auk þess áttu fulltrúar frá Vlf. og Sjómannafélagi Bolungarvíkur og Vlf. Þórshafnar ekki heimangengt.



Mynd 16. Frá námstefnu fræðslusjóðanna í Borgarnesi.

Guðrún Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri hjá SA og stjórnarmaður Landsmenntar var fundarstjóri. Erindi var flutt af Hauki Harðarsyni frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fjallaði það um útbreiðslu raunfærismats á Íslandi. Halla Valgeirsdóttir, einnig frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, kynnti aðferðir við greiningu á færnikröfum starfa.

Framkvæmdastjóri SGS, Drífa Snædal og Árni Steinar Stefánsson, sérfræðingur hjá SGS gerðu grein fyrir stefnu SGS í fræðslumálum og fræddu fundarmenn um yfirlýsingu ASÍ og SA um menntunaráttak vegna endurskoðunar og framlengingar kjarasamnings sem gerður var í upphafi árs.

Fræmkvæmdastjóri Landsmenntar (Sveitamenntar- Ríkismenntar) Krístín Njálsdóttir kynnti starfsemi sjóðanna árið 2012, fjárhagslega stöðu þeirra og nýtingu styrkja og ræddi sína sýn á framtíð þeirra, Eyjólfur Bragason, verkefnastjóri kynnti verkefnið Fræðslustjóri að láni sem er í boði hjá öllum þremur fræðslusjóðunum.

Að kvöldi fyrri dags var móttaka Stéttarfélags Vesturlands í nýju glæsilegu húsnæði þeirra í Borgarnesi og síðan var kvöldverður í boði fræðslusjóðanna.

Að morgni næsta dags hófst dagskráin á flutningi erindis sem Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður stjórnar Landsmenntar hugðist flytja, en hann var veðurtepptur á Húsavík. Árni Steinar starfsmaður SGS flutti erindið en það kallaði Aðalsteinn, Markmið fræðslusjóðanna;

er sýnilegur árangur? „Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?“

Næst var skipt í fjóra umræðuhópa hvar hver hópur fékk það hlutverk að ræða ákveðin vinnubrögð hjá sjóðunum með það að markmiði að gera starfið skilvirkara. Niðurstöður hópanna voru síðan kynntar og í kjölfarið áttu sér stað fjörugar og gagnlegar umræður.

Það er óhætt að segja að fundarmenn hafi verið ánægðir og þakklátir fyrir þennan vinnufund, ekki bara vegna skemmtilegra kynna og vinarfundar heldur vegna þess hversu gagnlegur og upplýsandi hann var. Hvatt var til þess að fljótt yrði kallað til slíks fundar að nýju og reyndar fyrr en ella vegna félaga sem var sárt saknað.

Vinnufundur fræðslusjóðanna LM, SM, RM, Starfsafls, Flóamenntar og SVS

Í nóvember var haldinn vinnufundur fræðslusjóðanna Landsmenntar, Sveitamenntar, Ríkismenntar, Starfsafls, Flóamennt og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks um verkefnið Fræðslustjóri að láni. Á vinnudeginum var rætt um hlutverk starfsmanna sjóðanna, hlutverk ráðgjafanna og hlutverk stjórnenda fyrirtækja/stofnana sem taka þátt í verkefninum. Einnig var rætt hvernig fræðsluáætlanir ættu að vera og hvernig eftirfylgni ætti að vera háttað. Þátttakendur voru 21, þar af ráðagjafar frá Símennturamiðstöð Eyjafjarðar, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Attentus og RM ráðgjöf. Sum þeirra fluttu þau erindi og gerðu grein fyrir aðferðum sem þau notast við í verkefninu. Aðrir voru starfsmenn eða stjórnarmenn sjóðanna.

Unnur Guðríður Indriðadóttir starfsmaður VR var fundarstjóri og gerði samantekt á helstu niðurstöðum fundarins og eru hér helstu atriði úr samantekt hennar.

Greinileg þörf var fyrir þá samræðu sem átti sér stað, en flestir höfðu mikið til málanna að leggja. Hópnum var skipt í þrjá minni hópa og voru skipaðir hópstjórar og ritarar. Umræðupunktur hópanna voru skráðir niður á glærur sem voru notaðar til kynningar á niðurstöðum hópanna.

CEDEFOP heimsókn

Eyjólfur Bragason fékk styrk frá Landskrifstofu LME til að taka þátt í ráðstefnu sem nefndist, Older workers in companies and on the labour market, en hún var haldin í Dusseldorf dagana 13. til 17. maí. Þátttakendur komu frá Englandi, Eistlandi, Búlgaríu, Rúmaníu, Frakklandi, Hollandi, Finnlandi, Slóvaníu, Tékklandi og Íslandi.

Þátttakendur starfa við mismunandi stofnanir s.s. hjá skrifstofum verkalýðsfélaga, á skrifstofum einstakra stéttarfélaga (t.d. félag ljósmæðra), háskólum og starfsmenntasjóðum. Þótt starfsheitin væru ólík þá voru viðfangsefnin hjá öllum tengd þema heimsóknarinnar. Það var mjög fróðlegt að heyra hvernig þátttaka eldri starfsmanna á vinnumarkaði er í umræddum löndum, en hún er æði mismunandi. Atvinnuleysi er mismikið og þá eru réttindi fólks mjög ólík á milli landanna. Breytingar á þeim hafa verið miklar á síðustu tuttugu árum þá sérstaklega hvenær fólk getur tekið eftirlaun. Eftirlaunaaldur hefst á aldursbilinu 62- 68 í löndunum, oft gildir ekki það sama um konur og karla (Austur Evrópa). Í Englandi getur fólk unnið eins lengi og það vill (fær). Fyrir fall múrsins var algengt að V. Þjóðverjar færu á

eftirlaun eftir fimmtugt, það sama átti við í Frakklandi og Hollandi. Það hefur breyst og er nú á svipuðum nótum og tíðkast almennt á Vesturlöndum þ.e. 67-68 ára. Athyglisverð er sú þróun sem á sér stað í nokkrum löndum að fólk getur minnkað við sig vinnu smátt og smátt 75%, 50% og 30%, þannig heldur það sambandi lengur við vinnufélagana og skilin verða ekki eins skörp. Þetta fólk er gjarnan notað til að miðla reynslu sinni og þekkingu til yngri starfsmanna. Eins og áður sagði þá kom fólk úr ólíkum áttum en í öllum löndunum var fólk að glíma við sömu málin, erfiðleika fyrir eldra fólk að fá vinnu ef það hafði dottið af vinnumarkaði, að skipta um starf, örar breytingar á störfum, menntun eldri starfsmanna og heilbrigði þeirra.

Fundir og ráðstefnur

Starfsmenn á skrifstofu sjóðsins hafa tekið þátt í fjölda ráðstefna og málþinga/funda. Hér á eftir eru nokkrir af þessum viðburðum taldir upp.

- Menntadagur iðnaðarins haldinn af Samtökum iðnaðarins á Grand Hóatél Reykjavík 24. janúar.
- *Dagur menntunar í ferðapjónustu*, markmið málþingsins var að ræða mikilvægi fræðslu og símenntunar starfsfólks í ferðapjónustu. Samtök ferðapjónustunnar stóð fyrir fyrir Degi menntunar í 7. sinn þetta árið sem var 1. febrúar á Hótel Reykjavík Natura.
- *Ársfundur FA*, haldin á Grand hótel Reykjavík 24. október.
- *Ársfundur Samtaka fiskvinnslustöðva* haldinn á Grand hótel Reykjavík 26. september
- *Ársfundur Samtaka atvinnulífsins*



Mynd 17. Frá degi menntunar í ferðapjónustu; Fjöldmenn var á ráðstefnunni og góður andi sveif yfir vötnum.

Kynningarstarf

Kynningarstarf er nauðsynlegur þáttur í starfi Landsmenntar. Lögð er áhersla á að á heimsíðu sjóðsins séu ávallt réttar upplýsingar um réttindi félagsfólks og því fluttar fréttir af starfi sjóðsins.

Starfsmenn fóru í heimsóknir vítt og breitt um landið en þær heimsóknir skila alltaf góðum árangri sem birtist í fleiri verkefnum. Þessar heimsóknir eru bæði ánægjulegar og um leið mikilvægasti þátturinn í kynningarstarfi sjóðsins.

Í öllu kynningarstarfi Landsmenntar er lögð áhersla á að dreifa bæklingum sem hafa að geyma upplýsingar um starfsemina. Ennfremur eru félagsmönnum og fyrirtækjum leiðbeint um hvernig þeir vinna umsóknir um styrki. Þá er auglýst í blöðum og námsvísum símenntunarmiðstöðva landsbyggðarinnar.

Fjárhagur Landsmenntar

Fjárhagur Landsmenntar stendur enn nokkuð traustum fótum þó gengið hafi á eignir sjóðsins þetta árið eins og tvö sl. ár. Tekjur jukust á milli ára um tæpar 22 milljónir króna (þar af 7 milljónir tímabundin aukagreiðsla aðildarfélaga SGS) og þrátt fyrir erfiðleika á fjármáلامarkaði hefur tekist að halda fjármagnstekjum á þokkalegu róli með markvissri ávöxtun í ríkistryggðum bréfum og á innlánsreikningum með sérkjörum. En útgjöldin jukust verulega á milli ára enda mikil ásókn í styrkveitingar sjóðsins hjá aðildarfyrirtækjum og félögum. Sú mikla aukning sem varð á styrkveitingum á milli ára hefur gert það að verkum að gengið hefur á eignir sjóðsins en lækkun á hreinni eign á árinu 2013 voru rúmar 14 milljónir króna og standa eignir sjóðsins í tæpum 50 milljónum í lok ársins.

Þetta verður að teljast viðunandi staða í ljósi aðstæðna en stjórn fylgist vel með þróun mála og breytti t.d. úthlutunarreglum styrkja til fyrirtækja til þess að mæta að einhverju leiti auknum útgjöldum. Þá er greinilegt að vel gengur að innheimta fræðslugjaldið í sjóðinn hjá langflestum aðildarfyrirtækjunum en sú innheimta fer fram hjá aðildarfélögum gegn 3% þóknun frá Landsmennt. Að auki ákváðu aðildarfélögin tímabundið að hefja á ný greiðslu til sjóðsins f.o.m. 1. janúar 2013, kr. 7 milljónir það árið til að auka enn frekar á tekjur sjóðsins.

Gera má ráð fyrir því að starfsemi sjóðsins verði nokkuð stöðug á árinu 2014. Árið fór kröftuglega af stað hvað varðar ásókn í sjóðinn en innstreymi tekna (fræðslugjald skv. kjarasamningi) hefur verið stöðugt og er innheimtukerfi stéttarfélaganna mjög skilvirkt að þessu leyti. Hins vegar þarf að hafa í huga að koma á sem fyrst þeirri leiðréttingu sem nauðsynlegt er að gera í tengslum við nýja kjarasamninga og hækkun á fræðslugjaldinu upp í 0,30% frá fyrirtækjum. Sú tekjuaukning sem hækkuninni fylgir er afar mikilvæg fyrir starfsemi sjóðsins og gert ráð fyrir að þessi aukning á fjármagni skili sér fljótt og vel inn á reikninga sjóðsins á þessu ári. Í áætlun er gert ráð fyrir að hækkun á fræðslugjaldi (50% hækkun, úr 0,20% af launum í 0,30%) eigi að skila ca. 40-45 milljónum í sjóðinn til viðbótar við innkomu síðasta árs.

Ávöxtun fjár verður með sama hætti og á liðnu ári, þ.e. ákveðið magn upphæðar í ríkistryggðum verðbréfum ásamt fjármagni á innlánsreikningum á sérkjörum. Viðskipti Landsmenntar fara fram hjá Íslandsbanka.

Lokaorð

Starfsemi Landsmenntar árið 2013 hefur verið hefðbundin síðas liðið ár, vex og þroskast eftir þeim tíðaranda sem ríkir á hverjum tíma. Nú róa allir hagsmunaðilar í þá átt að ná því takmarki sem stjórnvöld hafa sett sér hvað varðar að lækka hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi fyrir árið 2020. Hér er nauðsynlegt að allir fái þær áskoranir við hæfi og tækifæri til að nýta hæfileika sína. Aðilar vinnumarkaðarins spila hér stórt hlutverk og vilja þeirra má sjá í hækkun fræðslugjalds úr 0,20% í 0,30% í nýgerðum kjarasamningum. Frá upphafi hefur það aukist jafnt og þétt og kannski í takt við aukinn almennan skilning á þörf fyrir aukina menntun. Markmiðið er auka hæfni og menntun almennra starfsmanna með fjölbreyttu námsframboði og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Í skýrslu þessari má sjá að sjóðurinn úthlutar miklu fé til menntamála eins og vera ber, en það gleðilega er að þegar rýnt er í hvert fjármagnið rennur kemur í ljós að um 80% af þeim verkefnum sem styrkt eru er metið til framhaldsskólæininga (Fein). Það staðfestir að sjóðurinn og aðilar hans eru að feta rétta leið.

Þótt heldur hafi gengið á eigið fé sjóðsins og samkvæmt hefðbundnu tali í rekstri kallaðist það tap, þá verður að líta á það jákvæðum augum og bregðast við með hækkun menntagjalds líkt og gert hefur verið. Undirstaða hagvaxtar er fjölbreytt atvinnulíf sem byggir á þekkingu og hugviti. Vöxtur og velgengni fyrirtækja og stofnana byggir á hæfu og ánægðu starfsfólki. Því er efling menntunar á öllum skólastigum og virk tengsl við atvinnulífið hagsmunamál samfélagsins alls.

Reykjavík, 5. júní 2013

Kristín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri
Eyjólfur Bragason, verkefnastjóri

Verkefni Landsmenntar 2013 (afgreidd styrkloforð stjórnar)		
	Tegund náms/verkefnis	Umsækjandi
1	Skref til sjálfshjálpar	Samherji hf.
2	Námskeið og fyrirlestrar um einelti	Samherji Ísland ehf.
3	Íslenska fyrir útlendinga, byrjanda og framhald.	Samherji hf.
4	Námskeið fyrir öryggistrunaðarmenn/vorði	Samherji hf.
5	Íslenska fyrir útlendinga.	Íslandsbleikja ehf.
6	Námskeið, frammistaða og afköst. PEP bland (2 námskeið)	Glerverksmiðjan Samverk hf.
7	Íslenskunámskeið	Visir hf.
8	Vinnuvélapróf	Norðurál ehf.
9	Vinnuvélapróf	Norðurál ehf.
10	Þjálfun viðbragðsþjálfar 5. 8 námskeið	Norðurál ehf.
11	Menntun starfsfólks í matvælaðnaði. Innleiðing nýrrar matvælaeðlunar.	Fjallalamb hf.
12	Íslenskunámskeið	Þórsberg ehf.
13	Samningur um eigin fræðslu (2013)	Íslenska Gámafélagið ehf.
14	Samningur um eigin fræðslu (2012)	Íslenska Gámafélagið ehf.
15	Nám í fiskeldisfræðum. Háskólinn á Hólum	Fiskeldið Haukamýri ehf.
16	Stjórndaskóli N1, vaktstjórnar	N1 hf.
17	Heilsa og lífsstíll	Afl Starfgreinafélag
18	Excel námskeið	Afl Starfgreinafélag
19	Námskeið hluti af fræðsluáætlun, Svavarinn; heilsa, umhverfi og gæði	Hreint ehf.
20	Fræðslufyrirlestur, 10 öryggisatriði á vinnustað	Glerverksmiðjan Samverk ehf.
21	Námskeið fyrir sveinspróf	Límtré ehf.
22	Námskeið um gæðamál hreinlæti og þrif	Viðbót ehf.
23	Bætt samskipti, betri líðan, meir árangur	Fjarðalax ehf.
24	Hóp- og neyðarskýrslun á sjó v/ferðþjónustu	Sæferðir ehf.
25	Námskeið um örverur, hreinlæti, vinnuvernd og samvinnu. 6 námsþ.	Dögun ehf. Sauðárkrúki
26	Námskeið í vinnuvernd	Rammi hf. rækjuvinnsla, Fjallabyggð
27	Fræðslustjóri að láni	Glófi ehf., Akureyri, Hvolsvöllur, Kópavogur
28	Austurlensk matargerð - 3 námskeið	Eining löja
29	Tvö dyraarðanámskeið	Eining löja
30	Íslenskunámskeið	Eðalfiskur ehf. Borgarnesi
31	Þjálfun í vistakstri	Hagvagnar hf.
32	Námsefni, þróun á hugbúnaðarl. og fræðsluefni fyrir farnám; Mobile learning	Gerum betur ehf og Attentus mannauður og ráðgjöf ehf.
33	Norðurlandskólinn, ýmis námskeið	Norðurland, Akureyri
34	Meðferð matvæla skv. námskrá FA	Sláturfélag Suðurlands á Hvolsvelli
35	Verkskjórnarnámskeið	Sláturfélag Suðurlands á Hvolsvelli
36	Vinnuverndarnámskeið	Glófi ehf.
37	Þjónustunámskeið	Félag Ferðþjónustunnar í Skagafirði
38	Íslenskunámskeið	Jakob Valgeir ehf. Bolungarvík
39	Vinnuvélanámskeið, frumnámsk.	Norðurál Grundartangi ehf.
40	Þjónustunámskeið	Hótel Laki, Efri-Vík
41	Námskeið í skyndihjálp	Hóþílar hf.
42	HACCP námsk. og vinnuverndarnámsk.	Hólmadrangur ehf. Hólmavík
43	Samskiptanámskeið	Íceland Ex cursions Allrahanda ehf.
44	Þjónustunámskeið	Mývatn ehf.
45	Vinnuvélanámskeið	Eimskip Ísland ehf.
46	Námskeið, Meðferð matvæla	SESAM ehf. Reyðarfirði
47	Námskeið, Meðferð matvæla	Lostæti Austurlyst, Fjarðabyggð
48	Þjónusta og sala í bakaríum	SESAM ehf., Reyðarfirði
49	Vinnuvélanámskeið	Vinnslustöðin hf., Vestm.eyjum
50	Kryddjurtanámskeið	Eining löja
51	Excel námskeið	Afl Starfgreinafélag
52	Námsk. Heilsa og lífsstíll, haldið á Reyðarf., Höfn, Egilst. og Neskaupstað	Afl Starfgreinafélag
53	Íslenskunámskeið	Visir hf., Grindavík
54	Þjónustunámskeið	Hótel Reyhlið, Mývatnssveit
55	Þjónustunámskeið	Gistiheimilið Mikligarður, Sauðárkrúki
56	Þjónustunámskeið	Ferðþjónustan Narfastöðum
57	Excel námskeið	Akureyri Icelandic Hotels

	Tegund náms/verkefnis	Umsækjandi
58	Stjórnendabjálfun	Glófi ehf. starfsstöð á Akureyri
59	Námskeið um vélar og vélbúnað	Grímur ehf. Vélaverkstæði
60	Þjóðerni og þjónusta, námskeið	Vogabú ehf., Mývatnssveit
61	Viðbótarnámskeið hjá fiskvinnslufólki	Samtök fiskvinnslustöðva
62	Námskeið í meðferð slökkvitækja	SESAM ehf., Reyðarfirði
63	Meirapróf, aukin ökuréttindi	Eimskip Ísland ehf.
64	Námskeið í meðferð slökkvitækja	Lostæti Austurlyst, Fjarðarbyggð
65	Aukin ökuréttindi; BE-eftirvagna	Girðingar ehf.
66	Íslenskunámskeið, byrjendur	Samherji Ísland ehf.
67	Íslenskunámskeið, framhald	Samherji Ísland ehf.
68	Þjónusta og frumkvæði; þjónustunámskeið	Hallgerður ehf. - Hótel Rangá
69	Skyndihjálpar	Visir fh. Grindavík
70	Heilsumatæðsla	Visir fh. Grindavík
71	Nýliðabjálfun í fiskvinnslu	HbGrandi
72	Námskeið um vélar og vélbúnað	GPG Seafood, Húsavík
73	Vigtarnámskeið; löggilding vigtarmanns	Íslenska Gámafélagið
74	Ýmis námsk. skv. fræðsluáætlun, tvær annir	Samskip
75	Samskiptanámskeið, Workshop og stjórnun	Glófi ehf.
76	Steinamálun; tömsundanámskeið	Eining lóða
77	Íslenskunámskeið	Visir hf. Grindavík
78	Íslenskunámskeið	Pétursey ehf. Vestm.eyj.
79	Íslenskunámskeið	Ísfall, Vestm.eyj.
80	Nýliðafræðsla í fiskvinnslu	Godthaab í Nöf ehf.
81	Íslenska fyrir útlendinga	Norðlenska matborðið ehf.
82	Námsk. Gæði við meðhöndlun og framleiðslu á þurrvörum	Vilko ehf.
83	Tvö enskunámskeið	Eining lóða
84	Bústólpaskólinn (7 námskeið)	Bústólpi ehf.
85	Upprífjun í skyndihjálpar og ökualeikinámskeiði	Kynnisferðir ehf.
86	Þjónusta-, tjóna og forvarnarnámskeið	Kynnisferðir ehf.
87	Fræðslustjóri að láni	Launafl ehf. Reyðarfirði
88	Samherjaskólinn (6 námskeið)	Samherji hf. Akureyri/Dalvík
89	Fræðsla um líkamsbeitingu og vinnutækni	Glófi ehf.
90	Íslenska fyrir útlendinga	Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.
91	Nýliðanámskeið í fiskvinnslu	Vinnslustöðin hf.
92	Þrjú jólakortanámskeið	Eining lóða
93	3 námskeið í keramikmálun - jólapema	Eining lóða
94	Spennandi eftirréttir á aðventu og jólum	Báran stéttarfélag
95	Lyftarnámskeið starfsmanna	Marúfur ehf., Dalvík
96	Íslenskunámskeið	Visir hf.
97	Skyndihjálpanámskeið	Framsýn Stéttarfélag þineyinga
98	Íslenskunámskeið A	Reykfiskur
99	HACCP, hreinlæti og fleira.	Rammi hf.
100	Lyftaraprófnámskeið	Samherji Ísland ehf.
101	Landnemaskóli skv. námskrá FA	Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.
102	Íslenska fyrir útlendinga	Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.
103	Íslenska 1	Brimberg ehf.
104	Lyftaraprófnámskeið	Marúfur ehf., Dalvík
105	Ýmis fræðsla, hóp- og neyðarstj. Öryggisnámsk. og skyndihjálpar	Norðursigling ehf., Húsavík